

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 959/2019, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Ákvæði 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Allar veiðar með línu og fiskibotnvörpu eru óheimilar á svæði er markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra hnita:

1. 66°51,80'N – 15°52,75'V
2. 66°41,20'N – 14°14,20'V
3. 66°40,00'N – 14°07,45'V
4. 66°36,85'N – 13°56,60'V
5. 66°31,10'N – 14°11,00'V
6. 66°32,30'N – 14°14,45'V
7. 66°33,10'N – 14°17,70'V
8. 66°36,70'N – 14°48,80'V
9. 66°41,10'N – 15°29,00'V
10. 66°43,80'N – 15°56,10'V

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. nóvember 2020.

Kristján Þór Júlíusson

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Arnór Snæbjörnsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.